Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

25.-26. tölublað Þriðjudagur 3. júlí 1979 8. árgangur Verð kr. 150

Ert þú áskrifandi að vikublaði verkafólks?

Uppsagnir hjá Flugleiðum

Undanfarna daga hafa starfsmenn Flugleiða fengið þær fréttir að yfir vofðu fjöldauppsagnir.

Fjöldi uppsagna mun nú þegar hafa verið tilkynntur og gefið hefur verið í skyn að fleiri kunni að fylgja í kjölfarið í haust. Um er að ræða skrifstofufólk, flugmenn og flugvirkja.

Stjórnendur Flugleiða hafa ekki talið sér skylt að skýra frá því hvaða aðferð þeir beiti til þess að ákveða hverjum eigi að segja upp og hverjir eigi að halda áfram. Þar er ekki farið eftir starfsaldri heldur er ákvörðunin háð duttlungum örfárra manna sem eru í æðstu stjórn fyrirtækisins.

Engin rök hafa heldur verið færð fyrir þessum fjöldauppsögnum.

Bent hefur verið á að hluti af starfsemi Flugleiða erlendis gæti allt eins verið framkvæmanlegur heima. Á það til dæmis við um viðhald og eftirlit með vélum félagsins. Mestur hluti þess fer fram erlendis.

Hlutur stéttarfélagsins, VR.

Eðlilega vaknar í þessu sambandi spurningin um afstöðu stéttarfélags starfsfólksins.

Flest það fólk sem nú fær uppsagnir er í Verslunarmanna félagi Reykjavíkur.

Að sögn eins starfsmanna Flugleiða hefur félagið ekki haft mikil afskipti af þessu en ætti þó að reyna að afstýra uppsögnunum. Raunar sagði þessi starfamaður að einu afskipti forráðamanna verslunarmannafélagsins hafi verið þau að krefjast þess af Flugleiðum að erlendum starfsmönnum yrði sagt upp "á undan íslenskum starfsmönnum".

Rannsókn á Flugleiðum.

Eigendur Flugleiða hafa einmitt talið fyrirtækinu það helst til tekna að það veiti miklum fjölda fólks vinnu. Það hafa

framhald á síðu 2



Atvinnuleysi - eitt af höfuðeinkennum kreppunnar. (Myndin tekin í Seattle 1971.)

Rökleysa VSÍ

Stjórn VSÍ hefur marg lýst því yfir að undanförnu að nú hafi þjóðarhagur versnað það mikið að undanförnu að ekki sé neinn möguleiki á að hækka kaup verkafólks. Í hverju hefur þjóðarhagurinn versnað? Jú, ekki stendur á svörum. Hækkandi olía og léleg sala á íslenskum afurðum á erlendum mörkuðum.


Við skulum athuga þessi atriði aðeins nánar. Vissulega hefur orðið mikil hækkun eldsneytis á þessu ári. Þar með er ekki öll sagan sögð, því í fullyrðingu VSÍ er þetta notað sem rök fyrir því að ekki sé hægt að hækka launin. Með það í huga verðum við að gera þá lágmarkskröfu til atvinnurekenda að þeir sanni að tjón þeirra sé tilfinnanlegt af þessum sökum. En þar sem þeir hafa ekki gert það skulum við líta á hverjir nota eldsneyti og hverjir borga það.

Eldsneyti því sem keypt er inn hérlendis er hægt að skipta í fjóra flokka: Bensín á bíla, bensín á flugvélar, díselolía og svartolía.

Hverjir borga olíuhækkunina?

Það er athyglisvert að fyrst nefndi flokkurinn er sá sem

framhald á síðu 2



Þessi mynd er af nýju frystihúsi Ísbjarnarins sem metið er á tæpan milljarð króna. Það er aðeins hluti af gífurlegum eignum sem Ísbirninum h/f hefur tekist að koma sér upp þrátt fyrir nær stöðuga "sölutregðu" að sögn VSÍ.

Sömu laun fyrir sömu vinnu

SJÁ BLAÐAUKA

Barnagæsla í Kína

- SJÁ BLAÐAUKA

Túristahermenn

Benedikt Gröndal hefur í ráðherratíð sinni sýnt mikla fylgisspekt við Bandaríki Norður-Ameríku. Nú síðast reyndi hann að feta í fótspor "mannréttindafrömuðarins" Carters. Sá síðar nefndi hefur barist mjög fyrir ferðafrelsi, - utan síns heimalands. Því vildi Benedikt nú gera sitt í þeim efnum og veitti bandarísku hermönnunum á Íslandi ferðafrelsi.

Að sögn Benedikts tók hann þessa ákvörðun eftir að hafa lesið grein í "stórblaðinu" Los Angeles Times þar sem fjallað var í heldur "leiðinlegum tón" um ferðahöft kanans. Er grein þessi skrifuð af blaðamanni sem elti Mondale varaforseta USA hingað til lands fyrir skömmu. Leikur jafnvel grunur á að óhróður þessi hafi birst í fleiri stórblöðum þar vestra.

Þetta er reyndar ekki í fyrsta skipti sem Ísland fær lélega einkunn eftir heimsókn varaforseta USA. Þegar Nixon gegndi því embætti líkti hann skerinu við guðs volaðan hundsrass.

Við niðurfellingu núgildandi reglna þurfa hermenn ekki lengur sérstakt leyfi til að vera utan vallarins eftir kl hálf tólf á kvöldin. Röksemdafærsla Benedikts fyrir þessu er sú að þrátt fyrir að hermennirnir séu hermenn í vinnutíma sínum þá sé órettmætt að leyfa þeim ekki að vera venjulegir ferðamenn í frítíma sínum. Sem sagt, setuliði frá 9-5 og túristi þess á milli.

Svo mikið lá Benedikt á að afnema þessar reglur að hann gat hvorki borið breytinguna undir samráðherra sína né utanríkismálanefnd. Er þó ákvæði um það í stjórnarsáttmálanum að

framhald á síðu 7





Benedikt Gröndal reynir mikið til að gera hersetuna að eðlilegum þætti í íslensku þjóðlífi. Í einfeldni sinni greip hann til þess ráðs að reyna að gera hermennina að túristum.

Flóttafólk frá Víetnam

SJÁ BAKSÍÐU

Útþensla íslenskra Aðalverktaka

SJÁ BAKSÍÐU

LEIÐARI

Yfirvinnubannið

Farmenn ákváðu sem kunnugt er að hlíta þrælalögum ríkisstjórnarinnar en neita jafnframt að vinna yfirvinnu á Faxaflóasvæðinu og í heimahöfnum. Farmenn áskildu sér einnig allan rétt til áframhaldandi aðgerða þegar gildistími laganna er úti eða í árslok.

Eigendur farskipa og aðrir talsmenn atvinnurekenda hafa mótmælt þessu sem lögleysu og kært til Félagsdóms.

Það hlýtur að koma fólki spánskt fyrir sjónir þegar því er haldið fram að það sé ólöglegt að neita að vinna yfirvinnu.

Ef þetta væri rétt þá gæti atvinnurekandi haldið fólki á vinnustað sólarhringum saman og neitað því um leyfi til að fara heim. Þetta er það sem kallað hefur verið þrælahald.

Það sér hvert barn, nema náttúrulega atvinnurekendur, að þetta er vitleysa sem fær ekki staðist.

Það að neita að vinna yfirvinnu er fyllilega lögleg aðgerð. Það er hverjum og einum sjálfsvald sett hvort hann vinnur yfirvinnu eða ekki. Hin mikla yfirvinna íslenskra verkamanna er þó ekki til komin af því að þeir vilji vinna óhóflega langan vinnudag.

Þeir eru þvert á móti neyddir til þess af því dagvinnukaup nægir ekki til lífsframfærslu.

Fyrir ári stóð yfir langt yfirvinnubann og ekki var það kært.

Nú er hins vegar annað hljóð í strokki atvinnurekenda.

Ástæðan er einfaldlega sú að nú er um að ræða einn hóp launþega gagnstætt því sem var í fyrra. Auk þess er þetta sá hópur sem skeleggast hefur barist gegn kaupránsherferð ríkisstjórnarinnar og atvinnurekenda. Þess vegna á að brjóta baráttu farmanna endanlega á bak aftur áður en hún verður öðrum launþegahópum til fyrirmyndar.

Og atvinnurekendur líta örugglega hýru auga til stuðnings þeirra verkalýðsforingja sem hafa á ósvífnasta hátt ráðist gegn baráttu farmanna. Það eru verkalýðsforingjar sem framlengdu samninga sinna umbjóðenda í heilt ár. Það eru verkalýðsforingjar sem réðust gegn því að samningar væru settir í gildi með þaklyftingunni. Það eru verkalýðs foringjar sem hafa barist við hlið ráðherranna og atvinnurekenda gegn sérhverri kauphækkunarkröfu. Allt og sumt sem þeir hafa gert er að fá 3% kauphækkun vegna framlengingar samninga. Þetta eru verkalýðsforingjar sem hafa misst niður um sig brækurnar og standa strípaðir með atvinnurekendum og heimta kauprán.

Barátta farmanna er ekki aðeins gegn atvinnurekendum fyrir sjálfsögðum kröfum. Hún beinist líka gegn ríkisstjórninni því það er hárrétt hjá atvinnurekendum þegar þeir segjast vera að starfa samkvæmt stefnu ráðherranna. Barátta farmanna beinist líka gegn berrössuðu verkalýðsforingjunum.

Það er skylda sérhvers launþega að styðja af alefli við bak farmanna í deilu þeirra.

Launþegar, hvort sem þeir hafa há laun eða lág, hafa nákvæmlega sömu hagsmuni, þ.e. að fá hærra verð fyrir vinnuafl sitt. Og þeir eru ekki að bítast um sama bita sömu kökunnar heldur eru þeir sem heild að krefjast aukinnar hlutdeildar í gróða atvinnurekenda, því vissulega er það uppspuni að meirihluti fyrirtækja sé rekinn með tapi og vissulega er það réttlátt að launþegar njóti hagnaðarins af framleiðslunni því þeir eru framleiðendurnir.

Rökleysa VSÍ

framhald af forsíðu

mest hefur hækkað í krónum. Á bílabensín eru hæstu opinberu gjöldin af öllum flokkunum Þegar haft er einnig í huga að vinnandi fólk er lang stærsti hluti þjóðarinnar og atvinnurekendur aðeins örfá prósent, þá sjáum við að hækkun bílabensíns borgar aðallega hið vinnandi fólk.

En hvað með vísitöluna, bætir hún ekki verkafólki upp hækkunina? Nei, ekki er það nú alveg. Í fyrsta lagi vegna þess að þegar þær kannanir voru gerðar árið 1966 sem núverandi vísitala er miðuð við, var bifreiðaeign almennings mun minni en nú þrettán árum síðar. Því framkallar hækkun á bílabensíni ekki samsvarandi hækkun kaups. Í öðru lagi koma vísitölubætur á laun oft 3-4 mánuðum á eftir þeim verðhækkunum sem þær eiga að bæta.

Annar flokkur eldsneytis sem talinn var hér að framan er flugvélabensín. Þá tegund bensín nota flugfélögin enda er enginn tollur á því og þess vegna hækkar það mun minna en bílabensín. Flugvélabensín verður því hlutfallslega sífellt ódýrara en bílabensín. Til að mæta því tjóni sem flugfélögin verða samt sem áður fyrir hækka fargjöld og flutningsgjöld sem vinnandi fólk borgar auðvitað. Það mætti benda á að ekki stendur til að lækka fargjöld neitt þó að 200 manns hafi verið sagt upp og hinum sé ætala að halda uppi sömu afköstum.

Hvað varðar díselolíuna þá er hún notuð bæði af almenningi og atvinnutækjum og þó mest þeim síðartöldu. Enda var felldur niður söluskattur á dísel og svartolíu til að mæta erlendum hækkunum. Ekki eru þó hér með öll kurl komin til grafar. Á fiskiskipum er olíukostnaðurinn dreginn frá aflaverðmæti áður en til skipta kemur þannig að sjómennirnir borga olíukostnaðinn líka með skertum aflahlut. Hvað varðar flutningaskipin þá hefur hingað til ekki staðið á að leyfa fargjaldahækkanir sem vinnandi fólk borgar jú alltaf að lokum því flutningskostnaður er inni í vöruverði.

Hvað svartolíuna varðar þá hefur innkaups verð á henni veri ærið torkennilegt og kemur það gleggst í ljós þegar á að kaupa hana annarsstaðar að en frá Rússum. Til að fá samsvarandi olíu frá Noregi þarf að blanda hana með díselolíu og verður hún þá allt að því jafn dýr og díselolía. Það skyldi þó ekki vera að bensín og díselolía séu á þetta háu verði meðal annars vegna niðurgreiðslna á svartolíu? Svartolía er nefnilega eingöngu notuð af fyrirtækjum og má þar nefna Sementsverksmiðju ríkisins, loðnubræðslur, hvalskipin og nú í vaxandi mæli á togara og fraktskip.



Útgerðarmenn barma sér sáran yfir hækkuðu olíuverði. Þótt olíuverðið sé m.a. greitt með skertum aflahlut sjómanna telur VSÍ að launafólk þurfi enn að axla þyngri byrðar til "bjargar þjóðarbúinu".



VSÍ er skammstöfun fyrir vinnuveitendasamband Íslands. Atvinnurekendur veita þó enga vinnu af náð sinni heldur hirða aðeins arðinn af vinnu annarra.

En vegna niðurfellingar á söluskatti tapar ríkið af fé sem það bætir sér upp með annari skattheimtu. Skyldu atvinnurekendur standa undir því með hærri sköttum? Lítum á.

Fyrir það fyrsta eru óbeinir skattar 79% af skatttekjum ríkisins og þá greiðir hinn almenni neytandi með litlum undantekningum. Hvað varðar beina skatta fer hlutur atvinnurekenda minnkandi ár frá ári. Ekki tapar ríkið heldur tilfinnanlega á eldsneytishækkuninni því hún hefur í för með sér aukna skattheimtu, sérstaklega af bílabensíni.

Enn er ótalinn aðili sem flýtur ofan á öllu saman en ekki hefur komið til tals að skerða hlut hans. Það eru olíufélögin sem fá ákveðn prósentu af sölunni og þess vegna því meira sem olíuverðið er hærra.

Nú þar fór sú röksemd VSÍ að atvinnurekendur tapi svo mikið á olíuverðshækkuninni að þeir geti ekki hækkað laun verkafólks.

Tap í USA?

En hvað þá með lélega sölu íslenskra afurða á erlendum mörkuðum?

Stærsti hluti af útflutningi landmanna eru sjáfarafurðir. Markaður fyrir þær er stærstur í USA. Í því sambandi er athyglis vert að sjá afkomu Icelandic Seafood dótturfyrirtækis SÍS í Bandaríkjunum. Á fyrstu fimm mánuðum þessa árs jók fyrirtækið sölu sína um 34% ef talið er í dollurum. Ekki sínir þetta mikið tap. Ofan á þetta bætist að hið stöðuga sig krónunnar gagnvart dollar gerir það að verkum að SÍS græðir stórfé af þeim sökum, því það líður tími frá því SÍS kaupir fiskinn í skipum hér og þar til hann er seldur í USA.

Hægt væri að halda áfram að talja upp þær auknu tekjur sem íslenska auðvaldið hefur erlendi frá en þetta ætti að nægja til að sína fram á haldleysi raka VSÍ.

Sumarfrí Stéttabaráttunnar

Enn einu sinni reynist nauðsynlegt að Stéttabaráttan taki sumarfrí í einn mánuð eins og gert hefur verið frá því vikublaðið hóf göngu sína.

Sem fyrr verður júlímánuður fyrir valinu og er þetta því síðasta tölublað fyrir frí.

Ástæðan fyrir þessu er aðallega sú að blaðið er að öllu leyti unnið í sjálfboðavinnu og meðan ekki eru ráðnir starfsmenn við blaðið er þetta nauðsynlegt.

Næsta blað kemur út þriðjudaginn 7. ágúst



Samkvæmt vestur-þýskum lögum átti refsing fyrir stríðsglæpi að fyrnast eftir 31. desember í ár. Eftir harðvítug mótmæli hvaðanæva að úr heiminum samþykkti vestur-þýska þingið fyrir stuttu að framlengja þetta tímabil enn um sinn. Verður því áfram hægt að lögsækja þá stríðsglæpamenn frá tíma nasismans sem til næst. Mynd þessi er liður í baráttunni fyrir því að stríðsglæpamenn fái ekki að leika lausum hala.

framhald af forsíðu
FLUGLEIÐIR

þeir meðal annars notað sem röksemd gegn því að rekstur fyrirtækisins verði rannsakaður.

Samdráttur Flugleiða mælir einmitt með því að þessi rannsókn verði gerð. Hún ætti að beinast að því að kanna hvort tap Flugleiða sé í raun eins mikið og eigendur þess láta í veðri vaka. Það er ótækt að félagið noti gróðann til að standa undir áhættusömu samkeppnisbraski við erlend fyrirtæki. Þar með er verið að tefla í tvísýnu flugsamgöngum við Ísland og atvinnuöryggi starfsfólksins.

Það vekur athygli að á sama tíma og samdráttur er í skrifstofu- og flugmannaliði þá er lagt í að stækka Hótel Esju. Hótelið er í eigu Flugleiða og tap hefur verið sagt mikið á rekstri þess.

Það er því fyllilega tímabært að heimta rannsókn á fjárreiðum og starfsemi Flugleiða.

Stéttabaráttan
BLAÐAUKI

UM JAFNRÉTTISMÁL

19. juní

19. Júní er kvenréttindadagur Íslands. Þann dag árið 1915 fékk ný stjórnarskrá staðfestingu. Í henni voru ákvæði um að konur og vinnuhjú fengju kosningarétt til alþingis, miðað við 40. ára aldur. Til minningar um þennan merka áfanga var dagurinn gerður að kvenréttindadegi Íslands.

Þrátt fyrir stjórnarskrána var kosningarétturinn þó takmarkaður. Fyrir utan hið háa aldurstakmark sem fært var niður í 25. ár 1920. gilti það ákvæði að þeir sem höfðu þegið af sveit höfðu hvorki kosningarétt né kjörgengi. Í þeim hópi voru flestar ekkjur sem á þessum tíma voru mjög margar og einstæðar mæður. Það var ekki fyrr en 1934 sem þetta ákvæði var fellt úr kosningalögunum.

Baráttan fyrir kosningarétti var ekki aðeins barátta fyrir jafnrétti, var einnig um að ræða baráttu fyrir pólitísku valdi. Kosningaréttur hafði verið einkaréttur efnaðra karlmanna og hinir kúguðu hópar ,konur og alþýðufólk háðu harða baráttu til að öðlast hlutdeild í þessum rétti. Miklar vonir voru bundnar við það að með atkvæði sínu gæti alþýðan tekið sinn fulla þátt í stjórnun landsins.

En hver varð svo raunin á ? Konur fengu kosningarétt, helmingur þjóðarinnar fékk kjörgengi . En fóru konur á þing ? Jú að vísu , en hvaða konur voruþað fulltrúar meirihlutans, alþýðukonur ? Nei það voru og eru örfáar menntakonur úr yfirstéttum þjóðfélagsins, sem boðnar eru fram fyrir okkar hönd. Og þær hafa ekki og munu ekki reka okkar erindi þar . Þetta er ekki einskorðað við konur, alþýðufólk á enga fulltrúa á þingi. Enda dygði það eitt skammt. Alþingi getur í mesta lagi. speglað þau átök sem eiga sér stað í þjóðfélaginu Ef verkafólk heyr ekki sína baráttu sjálft, mun enginn gera það í þess stað. Þingmenn sem eru slitnir úr tengslum við þá sem þeir þykjast fulltrúar fyrir eru til einkis nýtir.

Á þingi eru engar baráttukonur fyrir kvenfrelsi, þar er heldur ekkert baráttufúst verkafólk. Enn er þar allt fullt af fulltrúum minnihlutans atvinnurekenda og íhalds af ýmsum gerðum.

Þrátt fyrir kosningaréttinn Hvað kemur til ? Er það kosningarétturinn sem er einskis virði? Eða höfum við aldrei beitt honum rétt ?




Stór hluti þeirra íslensku kvenna sem vinna úti, vinna við erfið og óhreinleg störf. Þótt þær skapi mikil verðmæti með vinnu sinni er hún illa launuð og þeim jafnframt gert erfitt fyrir með að komast frá heimilum sínum og börnum.

Ljóðið "Óður til mánans" birtist í Þjóðviljanum fyrir nokkrum árum. Nokkru síðar birtist þar "Óður til sólarinnar" og síðast "Óður til alheimsins". Að sögn Vilborg ar er þetta í fyrsta sinn sem atómskáld kveðast á opinberlega, að því hún best veit.

Því miður tókst okkur ekki að ná sambandi við Gylfa Baldursson, en við vonum að hann hafi ekki á móti því að við birtum ljóð hans.


Óður til mánans



Þegar ég er búin að vaska upp
þegar ég er búin að fara út með ruslið
þegar ég er búin að skúra eldhúsgólfið
þegar ég er búin að bóna gangana
þegar ég er búin að ryksuga
þegar ég er búin að þurrka af
þegar ég er búin að þvo
þegar ég er búin
ætla ég út á svalir
og steyta skrúbbinn
framan í mánann
þangað hefur engin kona
verið send með
KARKLÚTINN
ekki enn.

Vilborg Dagbjartsdóttir.

Óður til sólarinnar



Þegar ég er búin að sofa út
þegar ég er búin að hanga yfir hálfellefusopanum
þegar ég er búin að liggja í símanum
þegar ég er búin að mála mig
þegar ég er búin að skreppa í bæinn
þegar ég er búin að kaupa mér nýjan kjól
þegar ég er búin
ætla ég út á svalir (ef ekki er rigning)
og steyta rúllurnar í hárinu
framan í karlana í járnabindingunum
í kuldanum og nepjunni
þangað hefur engin kona
verið send
ekki enn.

Tileinkað Vilborgu Dagbjartsdóttur með ástarkveðju
Gylfi Baldursson.

Óður til alheimsins

Þegar ég er hætt að sofa,
til að gleyma hvað líf mitt er tilgangslaust,
þegar ég er hætt að sötra kaffi
til að drekkja löngunum mínum,
þegar ég er hætt að hanga í símanum
til að skvaldra um fánýta hluti,
sem mér hefur verið innrætt að líf mitt snúist um,
þegar ég er hætt að mála mig
af því að útlitið er ekki lengur eini eiginleiki minn sem skiptir máli,
þegar ég er hætt að skreppa í bæinn
af því að ég þoli ekki lengur við heima,
þegar ég er hætt að kaupa mér nýja kjóla
til þess að sýna hvað maðurinn minn er í fínni stöðu,
Þegar ég er hætt
ætla ég út á svalir
þó að það sé rigning eða stórhríð
og breiða út faðminn móti körlunum í járnbindingunum
móti mánanum
þangað sem konan mun óhjákvæmilega leggja leið sína.

Tileinkað Vilborgu Dagbjartsdóttur og Gylfa Baldurssyni
með ástarkveðjum

Steinunn Eyjólfsdóttir.

Hér á eftir fara tvö viðtöl af nokkrum sem Bejing Review tók við kínverskar konur úr hinum ýmsu starfsstéttum. Viðtölin voru tekin í tilefni af 8. mars s.l. sem er alþjóðlegur baráttudagur verkakvenna, auk þess sem 30 ár eru liðin frá byltingunni í Kína.

Síðan þá hefur baráttan fyrir raunverulegu jafnrétti kynjanna og bættum kjörum barna leitt til mikilla framfara.

Fyrir byltingu var kúgun konunnar í Kína gifurleg. Mjög algengt var að fætur þeirra væru reyfaðir svo þær yrðu bæklaðar og gætu ekki hlaupíst að heiman. Á ungaaldri var hjónaband þeirra skipulagt og þær voru síðan algerlega háðar vilja eiginmanns síns og síðan sona eða bræðra hans. Algengt var einnig að nýfæddum stúlkubörnum væri drekkt.

Á þeim 30 árum sem liðin eru frá byltingunni hafa kjör kvenna farið stöðugt batnandi. Jafnrétti kynjanna hefur verið staðfest í lögum þótt vissulega vanti enn upp á að því sé að fullu náð í reynd. Þáttur kvenna á öllum sviðum þjóðlífsins og á heimilunum hefur farið vaxandi. Samt er enn nauðsyn sérstakrar kvennahreyfingar. Fordómar gagnvart konum eyðast ekki á þrjátíu árum og enn eru þær skoðanir uppi að karlar séu hæfari en konur og að staður konunnar sé á heimilunum. Kvennahreyfingin hefur það verkefni að eyða þessum fordómum og hvetja konur til frekari þátttöku í þjóðlífinu. Án



Ransókn á framleiðslu í vélaverksmiðju í Bejing

Barnagæsla í Kína



Li Min

Barnagæsla í Kína.

Li Min, vararitari flokksráðsins í Zhapu -hverfi í Shanghai, sagði:

"Ef konan á að teljast algjörlega frjáls og sjálfstæð, þá verður hún líka að vera frjáls frá barnapössun til að geta stundað sína vinnu og rannsóknir.

60000 manns búa í þessu hverfi. Þegar miðstjórn kommúnistaflokksins boðaði nýja Gönguna löngu til aukinnar sósíalískrar iðn-og tæknivæðingar, þá tóku allir íbúar hverfisins til starfa af miklum áhuga.

Þetta varð til þess að þau okkar sem í flokksráði hverfisins sátu fórum að leita að leiðum til aðstoðar íbúunum. Við höfum rannsóknir og komust að því að frí frá vinnu til að gæta barnanna yfir nóttina. Svo voru það aðrir foreldrarsem vantaði gæslu fyrir börnin sín á kvöldin til að getað lesið og stundað rannsóknir. Til að koma á móts við þarfir foreldranna, þá tóku gæsluheimilin upp þá þjónustu að taka á móti börnum til gæslu, allan sólarhringinn og gátu foreldrar nú komið með börn sín til gæslu hvenær sem þeir þurftu þess með.

Kínversk börn hefja skólagöngu 6 ára gömul. Í okkar hverfi eru 1100 skólabörn sem eiga útivinnandi foreldra. Þess



Barnaheimili bómullarverksmiðju no.1 í Bejing

gifurleg þörf var á gæsluplássum fyrir börn. Það kom til dæmis fram að börn á skólaaldri sem áttu útivinnandi foreldra, þurftu að fá máltíðir og aðstoð við heimanám eftir skóla einnig vantaði vöggustofunum meira fjármagn.

Á þessum tíma voru 1674 börn á vöggustofum og barnaheimilum hverfisins, og 211 börn voru samt sem áður á biðlista.

Eftir að við höfðum rætt málið þá komust við að þeirri niðurstöðu að endurskipuleggja þyrfti stofnanirnar, auk þess fórum við fram á aðstoð hraustra heimavinnandi kvenna. Núna eru börn á aldrinum 56 daga til 6 ára á vöggustofum og barnaheimilum, svo eru líka börn í gæslu eldri ættingja í heimahúsum.

Áður fyrr voru gæslustofnanirnar eingöngu opnar á daginn. Þetta fyrirkomulag var mjög óhagstætt fyrir þá foreldra þar sem bæði unnu vaktavinnu. Sumir þeirra urðu að biðja um vegna var það auðvitað ekki óalgeng sjón að sjá börnin leika sér á götunum með húslyklana hangandi í bandi um hálsinn. Það voru líka þarna krakkar úr efri bekkjum sem lítillar námsaðstoðar nutu hjá foreldrum sínum vegna skorts á menntun foreldranna.

Flokksráð hverfisins álítur að uppeldi barnanna sé ekki aðeins í verkahring foreldra og skólanna. Fjöldinn ætti að koma þar til hjálpar líka. Við stofnuð um margar menningarstöðvar þar sem 900 manns s.s. verkafólk á eftirlaunum, kennarar, vísindamenn ofl. voru börnunum til aðstoðar við heimanámið. Þetta fyrirkomulag hefur haft góð áhrif á þeirra nám.

Flokksráðið hefur einnig komið á fót 5 matsölustöðum í hverfinu. Þangað geta börn þeirra útivinnandi foreldra sem ekki komast heim um miðjan daginn, fengið heitar máltíðir, því áður fyrr þurftu börnin að elda sjálf handa sér mat þegar heim kom.

Sömu laun fyrir sömu vinnu



Fu Xiuzhen

Fu Xiuzhen, félagi á Danggaocu samyrkjubúinu, Pinggu-sýslu í útjaðri Beijing-borgar, sagði:

"Stjórnarskráin okkar segir að konum og körlum ber að borga sömu laun fyrir sömu vinnu

Á meðan þetta er tryggt í borgunum með samræmdu launakerfi, þá hefur þetta ekki ennþá náð öruggri fótfestu á strjálbýlli svæðunum.

Lífskjör smábændanna í gamla þjóðfélaginu grundvölluðist á framleiðslu heimilanna. Það var sama þó konurnar ynnu heimilisstörfin eða strituðu á ökrunum, þær fengu aldrei nein laun fyrir vinnu sína. Karlmennirnir litu á konuna sem persónu er eingöngu ætti að halda sig innan veggja heimilisins ("the person in the house") Nú hefur ástandið breyst. Konur taka virkan þátt í framleiðslunni og vinna sér inn starfspunkta. Samt sem áður á sér stað pólitísk barátta fyrir kröfunni um jafnrétti kynjanna til starfs og launa gegn afturhaldssömum hugmyndum meðal kvenna sem koma úr gamla þjóðfélaginu.

Fjöldi karla og kvenna, hér á samyrkjubúinu er sá sami þ.e. 4500 konur og 4500 karlar.

Á undanförnum árum var mikil eftirspurn eftir konum til að taka þátt í landabúnaðarframleiðslunni, þegar karlarnir þurftu að vinna á fjarlægari stöðum við byggingu á mannvirkjum eða við framleiðslustörf. Aðeins helmingur kvennanna mætti dag og dag. Í staðinn fyrir að mæta þá heimsóttu þær vini og ættingja eða sátu heima við hannyrðir.

Þær sem mættu á akrana unnu með hangandi hendi. Ástæðan fyrir takmörkuðum áhuga þeirra á vinnunni var óánægja með laun in. Á meðan karlinn vann sér inn 10 starfspunkta (en það er það hæsta sem hægt er að fá) þá fékk konan ekki nema 8 starfs punkta, þrátt fyrir sömu afköst.

Flokksráð samyrkjubúsins tók þessa mótsögn til umræðu og rannsóknar og kom í ljós að margir leiðandi félagar litu á karlmanninn sem hæfari en konuna. Flokksráðið gerði sjálfsgagnrýni á þessa afstöðu og hvatti allar framleiðslueiningar til að sjá um að konur fengju sömu laun fyrir sömu vinnu til jafns á við karla. Nokkrir leiðandi félagar framleiðslueininganna voru í upphafi á móti þessari ákvörðun, vegna þess að þeir voru hræddir um þá drægi úr áhuga karlanna. En eftir að hafa sannfærst um nauðsyn þessa sjálfsögðu réttinda, þá varð sumum karlfélögum að orði:"Haninn hleypur hraðar en hænan".

Það komu fram sterkar mótsagnir með þessari ákvörðun. Sumir yngri karlanna kvörtuðu um það að þeir stæðu í harðri samkeppni við konurnar. Sumir móðguðu konurnar vísvitandi. Sem dæmi má nefna að í eitt skipti þegar konurnar og karlarnir voru að plægja jarðveginn, þá skoruðu karlarnir konurnar í keppni til að sanna og sýna yfirburði sína. Þeir plægðu og mokuðu upp 13 vagnhlöss. Að meðaltali moka þeir upp 6-7 vagnhlöss.

Við vitum það af reynslunni að við verðum að berjast gegn hugmyndum sem niðurlægja konuna til þess að tryggja jafnrétti karla og kvenna til starfs og launa. Konur verða líka að sýna það og sanna að þeim er vel treystandi í framleiðslunni og að þær vinni verkin vel. Sem dæmi má nefna að konur hafa nú nýlega lært að planta hrísgrjónum. Konurnar gróðursetja 90% akranna og hafa unnið það fljótt og vel. Þegar gamall íhaldssamur bóndi sá það, þá sagði hann brosandi:"Þær ættu skilið að fá 15 starfspunkta, ef þær vinna verkin svona."

Konur hafa á síðustu árum lært margskonar flókin og erfið störf sem eingöngu karlar unnu áður. T.d. eru þær farnar vinna við dreifingu sæðis á ökrunum, byggja hús, keyra hestakerrur ofl. Konur voru 70% vinnuaflsins við vor- og haustplægingarnar. Af heildarafköstum áttu þær yfir 90%.

Fyrir 1974 nam grjónuppskeran 4500 kg. per hekt., en er nú komin upp í 6800 kg. per hekt. Einum karlfélaganum á búinu varð að orði:"Áður fyrr sá enginn né talaði um hlutdeild kvenna í þjóðfélaginu, nú þegar þeirra er minnst í umræðu þá sér fjöldinn að það eru raunverulega konurnar sem halda uppi hálfum himninum".

Skipting starfspunkta á búinu í dag er þannig að 10% kvennanna og 30% karlanna fá 10 starfspunkta (það hæsta sem hægt er að vinna sér inn á dag) 20% kvennanna og 20% karlanna fá næstmestan fjölda 35% kvennanna og 30% karlanna fá minnstan fjölda starfspunkta.

Þróunin á baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna til starfs og launa, hefur í raun aukið áhuga karlanna. Þegar karlinn, sem áður fyrr leit á sig sem fyrirvinnu, sá að konan vann sér inn jafnmarga starfspunkta og hann, þá fór hann að taka meiri þátt í heimilisstörfunum. Eftir því sem staða konunnar batnaði á heimilinu, þá batnaði andrúmsloft fjölskyldunnar líka. Þessi breyting hefur haft jákvæð áhrif á skipulag fjölskyldunnar.

Auðvitað örlar ennþá á þeirri skoðun að karlmaðurinn sé hæfari en konan, en ekki eins mikið og áður. Nú skiptir það meira að segja engu máli hvort konan fæðir stúlku eða dreng.

Frá 1970 og allt til síðasta árs hefur dregið úr fólksfjölgun eða úr 2,3% niður í 1,1%.

Þýtt úr Beijing Review no.10 ´79.



Konur í Hebei kommúninni við útborgun launa

Fæðingarorlof

Fæðingarorlof kvenna er mjög mismunandi, eða allt frá engu og upp í 3 mánuði á fullum laun um. Enn er langt í land með að allar konur njóti þar sömu réttinda og enn síðar að feður fái nokkurt orlof vegna fæðingar barns síns.

Verður þessu máli gerð nokkur skil hér á eftir.

BSRB

Flestar konur sem eru í opinberri þjónustu fá þriggja mánaða fæðingarorlof á fullum launum. Þetta á þó aðeins við um þær konur sem eru félagar í BSRB og hafa unnið a.m.k. 6 mánuði fyrir barnsburð. Þær konur sem eru innan ASÍ njóta hins vegar ekki sömu rétt inda, jafnvel þótt þær vinni hjá ríkinu.

ASÍ

Fæðingarorlof verkakvenna er sem svarar 90 vinnudögum á atvinnuleysisbótum, sem eru 80% af 2. taxta Dagsbrúnar. Er það greitt út atvinnuleysistryggingasjóði viðkomandi verkalýðsfélags og fer eftir þeim reglum sem þar gilda, að undanskildu því að tekju maka skipta þar engu máli.

Til þess að fá fæðingarorlof þarf að hafa skilað ákveðnum vinnustundafjölda á undangengnum mánuðum og skiptir ekki máli hvar var unnið. Hafi konan hins vegar unnið í a.m.k eitt ár samfleytt hjá sama atvinnurekanda, greiðir hann henni 2-3 vikur (10-15 vinnudaga) á fullum launum, en þeir dragast aftur á móti frá þeim 90 dögum sem verkalýðsfélagið greiðir.

Hjá Sókn er um það samið að hafi kona unnið í 3 ár eða meir hjá ríki eða sveitarfélagi, þá fær hún 3 mánaða fæðingarorlof á fullum launum.

Atvinnuleysisbætur

Atvinnuleysisbætur eru greiddar alls í 130 vinnudaga. Sé kona atvinnulaus eftir að fæðingarorlofi lýkur fær hún aðeins bætur í 40 vinnudaga. Hafi hún verið atvinnulaus í meira en 40 vinnudaga fyrir barnsburð, styttist fæðingarorlofið sem nemur dagafjöldanum umfram 40. Samanlagt fæðingarorlof og atvinnuleysistímabil má því ekki verða meira en 130 vinnudagar.

Of ung.

Til þess að fá fæðingarorlof eða atvinnuleysisbætur þarf viðkomandi að vera fullgildur félagi í einhverju verkalýðsfélagi. Og til þess að svo megi verða þarf viðkomandi að vera fullra 16 ára.

Stéttabaráttan kannaði hvað nokkur verkalýðsfélög í Reykjavík myndu gera ef til þerra leiðuðu konur sem hefðu ekki skilað tilskyldum vinnustundafjölda eftir 16 ára aldur er þær eignuðust barn.

Hjá Verkamannafélagi Reykjavíkur fengust þær upplýsingar að aldrei hefði á þetta reynt en þar sem félagið semdi einnig fyrir 14 og 15 ára unglinga, myndi vinnustundafjöldinn gilda hve gömul sem móðirin væri.

Hjá Iðju var upplýst að ef ekki vantaði mikið upp á yrði trúlega reynt að fá sérsamþykkt í félaginu.

Hjá Framsókn fengust aftur á móti þau svör að ef móðirin hefði ekki skilað tilskyldum vinnustundafjölda eftir 16 ára aldur fengi hún ekkert fæðingarorlof jafnvel þótt hún hefði unnið alveg frá fermingu.


Veikindi

Það telst ekki til veikinda þótt kona sé óvinnufær fyrst eftir barnsburð. Aftur á móti getur óvinnufærni af völdum meðgöngunnar talist fullgilda veikindi. Þeim veikindum lýkur svo um leið og konan gefur alið barnið. Þær konur sem fá ekki fæðingar orlof, eiga heldur ekki rétt á veikindafríi í svo mikið sem einn dag vegna barnsburðar. Verður þessi máti að teljsast í hæsta lagi undarlegur.

Skólafólk.

Þær konur sem eru í skóla eiga engan rétt á fæðingarorlofi Hjá þeim einnig gildir það að sængurlega er ekki veikindafrí, heldur skróp. Það telst því til heppni ef konu sem er í námi tekst að ala barn sitt í jóla-, páska-, eða sumarfríi.

En má ekki segja að kona sem er í námi, missi einskis í tekjum þótt hún fái ekki fæðingarorlof? Það er ekki alls kostar rétt. Flest námsfólk nýtur náms lána og þau lán byggjast á því að nám hafi verið stundað næstliðinn vetur og að vissum árangri sé skilað. Ef konan missir eitthvað úr námi sínu vegna barnsburðar þá getur það þýtt að hún missi einnig námslán sitt.



6 mánaða fæðingarorlof

Krafa okkar er 6 mánaða fæðingarorlof fyrir allar konur og einnig að hægt sé að skipta fríi þessu á milli móður og föður. Þær konur sem eru húsmæður eða í námi eiga að njóta sambærilegs fæðingarstyrks.

Þessi krafa er byggð á nokkrum atriðum.

Flestum konum er það fjárhagsleg nauðsyn að vinna utan heimilisins. Nýr fjölskyldumeðlimur hefur aukin útgjöld í för með sér og þá má fjölskyldan síst við tekjuskerðingu. Til þess að barnið fái þá umönnun sem það þarfnast er nauðsynlegt að foreldrar þess geti verið með því a.m.k. fyrsta hálfa árið. Samskipti foreldris og barns mótast mikið af þeim tengslum sem myndast strax í upphafi og ef þau fá að verða með eðlilegu móti má eflaust koma í veg fyrir mörg þau fjölskylduvandamál sem upp koma síðar á lífsleiðinni.







Myndir þessar eru úr bókinni Vetrarbörn eftir Dea Trier Mörk

Kvennréttindahreyfing á Íslandi

Í dag eru það aðallega róttækar menntakonur sem standa í baráttu fyrir jafnrétti kynjanna með skipulögðum hætti. Er þar um að ræða Rauðsokkahreyfinguna og 8. mars-hreyfinguna sem reyndar er ný af nálinni. Ekki skal lagður neinn dómur á það hér hvers vegna þessi hópur sé virkastur í baráttunni, heldur reynt að fjalla um stöðu kvennahreyfingarinnar í ljósi þessarrar staðreyndar.

Rauðsokkahreyfingin er tvímælalaust áhrifamesta baráttuhreyfingin fyrir jafnrétti kynjanna nú. Hún segir í stefnuskrá sinni að auðvaldsþjóðfélagið byggi á misrétti og kúgun og því sé nauðsynlegt að berjast gegn því og heyja kvennabaráttuna á grundvelli stéttabaráttu. Þetta tekst henni þó ekki sem skyldi. Hún hefur staðið fyrir mörgum framsæknum aðgerðum og með áróðri sínum eflaust haft mikil áhrif á afstöðu fólks. En tengslin við verkalýðinn skortir mjög. Rsh hefur staðið fyrir láglaunaráðstefnu þar sem sérstaklega var rætt um stöðu verkakvenna. Á þessari ráðstefnu komu fyrst og fremst konur úr verkalýðsforystunni en tengslin við hinn almenna félaga vantaði.

Verkakvennafélögin eru sá hluti kvennahreyfingarinnar sem oft vill gleymast í umræðum um kvennahreyfinguna. Ástandið þar er síst betra en annars staðar í verkalýðshreyfingunni. Ástæður þess eru ýmsar. Konur þurfa yfirleitt að sinna heimilisstörfum að lokinni annari vinnu og því gefst þeim lítill tími til félagsstarfa. Það hefur einnig sýnt sig að þeir sem mest eru kúgaðir og minnsta menntun hafa standa ekki best að vígi til baráttu.

Baráttukonur þyrftu því að snúa sér að verkalýðsfélögunum sjálfum og vinnustöðunum. Sigur vinnst ekki með því að berjast eingöngu fyrir hina kúguðu heldur með því að virkja þá sjálfa til baráttu.



Viðtal við dagmömmu

Einn er sá starfshópur sem nokkuð hefur verið í skugganum í allri þeirri umræðu undanfarið um dagvistunarmál Það eru svokallaðar dagmæður. Til frekari upplýsinga og fróðleiks um starfssvið og kjör dagmæðra, þá lögðum við nokkrar spurningar fyrir eina dagmömmu hér í bæ, Þórunni S. Gísladóttir.

Stb.: Svo að við snúum okkur fyrst að börnunum sem þú hefur í gæslu, - hvað eru þau mörg og á hvaða aldri?

Þórunn: Ég er með 4 krakka í gæslu, frá aldrinum 6 mán. til 4ra ára.

Stb.: Hvað er vinnudagurinn langur hjá þér?

Þórunn: Samkvæmt reglum sem Félagsmálastofnun Rvík. hefur gefið út varðandi daggæslu í heima húsum, þá er heilsdagsgæsla 8 tímar á dag. Börnin sem ég hef eru mislengi og fer það eftir aldri þeirra. Það elsta er allan daginn, stundum framyfir og þau yngri eru hluta úr degi.

Stb.: Hvert er mánaðargjaldið:?

Þórunn: Mánaðargjaldið fyrir barn sem er í heilsdagsgæslu er 61.929 kr. Fyrir umframtímann þ.e. eftir að daggæslutímanum lýkur, þá greiðist 710 kr. á tímann.

Stb.: Getur hver sem er orðið dagmamma eða þarf að uppfylla einhver skilyrði?

Þórunn: Til þess að geta tekið börn í gæslu í heimahúsum, þá þarftu leyfi borgaryfirvalda, þ.e. Félagsmálastofnunarinnar eftir að hafa lagt fram læknis-og sakavottorð. Leyfinu er framfylgt með eftirliti af hálfu Félagsmálastofnunarinnar á viðkomandi heimili þar sem daggæslan fer fram.

Stb.: Í hverju eru störf dagmæðra fólgin?

Þórunn: Dagmamman þarf að sjá um að börnin fái morgun-og hádegisverð og síðdegishressingu.

Hún verður að útvega bækur, föndur-og leiktæki. Það er reiknað með að 12 þús. kr. á mán. fari í þessi kaup, þ.e. 3000 kr. á hvert barn - þetta dregst frá kaupinu. Einnig dregst 15 þús. kr. frá kaupinu sem er ætlað í viðhald á húsnæði og til kaupa á hreinlætisvörum.

Þessi upphæð sem er ætlað að fara í bóka-og leiktækjakaupa er mjög lág að mínu áliti. Dagmæður búa við mismunandi aðstæður auk þess sem leikföng endast mislengi og þá þarf að endurnýja þau eins og margt annað.

Stb.: Er er ekki eftirspurn eftir gæslu hjá dagmæðrum mikil?

Þórunn: Jú, í heildina er hún mikil, en mismunandi mikil eftir hverfum.

Vegna mikilla eftirspurna eftir gæslu í heimahúsum og vegna fjölgunar dagmæðra þá voru samtök dagmæðra í Reykjavík stofnuð í maí-mánuði s.l.

Tilgangurinn með þessari stofnun var sú að auka innbyrðis tengsl dagmæðra fyrir utan að standa vörð um hagsmuni þeirra, þá hafa þau á stefnuskrá sinni að eiga samstarf við umsjónarfóstrur Félagsmálastofnunarinnar. Þetta myndi svo leiða til bættra kjara dagmæðra og betri gæslu fyrir börn.

Ýmis félagasamtök gengust í vor fyrir undirskriftasöfnun til að krefjast nægra og betri dagheimila. Ríkið styrkir dagheimili og auðvitað þyrfti það einnig að greiða niður kostnað við daggæslu í heimahúsum. Það er fljótt að hverfa kaup láglaunakvenna ef þær þurfa að greiða þriðjung þess í gæslu fyrir eitt barn. Því ber brýna nauðsyn til að fjölga dagvistunarheimilum



Innskot Stb. Til frekari upplýsinga fyrir lesendur Stéttabaráttunnar þá birtum við nokkrar klausur úr lögum Samtaka dagmæðra i Reykjavík.

3.gr.

Allir þeir sem gæta barna á heimili sínu og hafa til þess tilskilið leyfi eiga rétt á því að verða meðlimir samtakanna. Hafi meðlimur ekki greitt félagsgjald í þrjú ár samfleytt fellur hann sjálfkrafa úr samtökunum.

5.gr.

Stjórn samtakanna skal skipuð fimm mönnum, formanni, ritara og gjaldkera, auk þess tveim meðstjórnendum.

Stjórn skal kosin á aðalfundi og skulu kosningar vera leynilegar. Stjórnin skipti með sér verkum. Formaður skal þó kosinn sérstaklega. Einnig skal kjósa tvo menn til vara og tvo endurskoðendur. Stjórn skal kosin til eins árs í senn.

Rétt til endurkjörs eiga allir í stjórn, þó aldrei lengur en til tveggja ára í einu. Aldrei skulu víkja úr stjórn fleiri en þrír í einu og ekki færri en tveir.

9.gr.

Aðalfundur samtakanna skal haldinn í febrúar ár hvert. Skal hann boðaður skriflega með viku fyrirvara.

12.gr.

Umsjónarfóstrur Félagsmálastofnunarinnar hafa rétt til þess að sækja fundi samtakanna með tillögurétti og málfrelsi.



Bætt dagvistun hefur lengi verið eitt aðal baráttumál kvenna, enda er forsenda þess að konur geti unnið fyrir sér eða tekið þátt í félagsstörfum, að gæsla fáist fyrir börnin

Ofbeldi gagnvart konum

Oft les maður í dagblöðum um nauðganir. Yfirleitt eru þetta smáklausur þar sem rétt aðeins er getið að kona hafi kært nauðgun og að tilræðismaðurinn hafi verið hnepptur í gæsluvarðhald. Nokkrum dögum síðar sér maður enn minni klausu þar sem við fáum að vita að fallið hafi verið frá kærunni og manninum sleppt.

Á hverju ári hefur lögreglan afskipti af á annað hundrað nauðgunartilfella. Í langflestum þessara tilfella er fallið frá kæru. Þó þetta sé nokkuð há tala er talið víst að nauðganir séu miklu algengari, þar sem konur veigri sér við að kæra.

Hvers vegna kæra konur ekki nauðganir og hvers vegna falla þær frá kæru þegar málið er komið í hendur lögreglunnar?

Margir þeir sem fjallað hafa um nauðgunarmál telja þetta stafa af því að meðferð yfirvalda á þessum málum sé niðurlægjandi fyrir konur. Sífellt er reynt að sanna að konan sé í raun samsek með því að finna "veika" punkta í framburði hennar í þá veru að hún hafi gefið árásarmanninum ástæðu til þess að hafa mök við hana. Ekki er einungis spurt um kynni hennar af árásarmanninum og aðdraganda verknaðarins heldur er hún einnig spurð um kynlíf sitt almennt, sérstaklega ef hún er ógift. Það er ekki óeðlilegt þó konan treysti sér ekki til að ganga í gegnum slíka málsmeðferð þar sem nauðgun er mikið andlegt áfall.

Er það ekki óeðlileg meðferð á máli að leitast alltaf við að gera fórnarlambið meðsekt í glæpnum? Ef fulls samræmis gætti í meðferð allra sakamála þá ætti samkvæmt þessu að álykta að ef bílnum þínum er stolið þá getur þú sjálfum þér um kennt þar sem þú hefur skilið hann einan eftir á óheppilegum stað eða keypt þér of girnilegan bíl, þjófum til freistingar.

Eða t.d. ef svikið væri af þér fé þá lægi beinast við að álykta að þú hefðir aldrei átt að eignast þessa peninga því alltaf gæti einhvern langað til að svíkja þá út úr þér.

Svo ekki sé nú talað um ef hægt væri að yfirheyra fórnarlamb morgðingja þá yrðu fyrstu spurningarnar:"Fannst þér ekki gott að láta drepa þig?" Var það ekki einmitt það sem þú vildir?".

Nú gætu sumir sagt að um nauðganir gegni allt öðru máli. Hvers vegna? Eru ekki nauðganir ofbeldisverk og þar af leiðandi glæpur?

Ríkisstjórnin og áfengisbölið

Steingrímur Hermannsson hefur tilkynnt nýjar "og frjálsari reglur um vínveitingar".

Þetta nýja frelsi felst í því að nú geta íslendingar drukkið vín á veitingahúsum lengur fram eftir nóttu en áður tíðkaðist. Þessu hefur verið slegið upp af ríkisstjórnarflokkunum og raunar fleirum sem meiriháttar frelsi.

En bak við þetta "frelsi" sést þó í hinn raunverulega tilgang. Tekjur af áfengissölu hafa um langa tíð verið mjög traustur tekjustofn ríkisins. Raunar allt þar til í fyrra að draga fór úr tekjum af áfengissölu, sumpart vegna gegndarlausra hækkana á áfengi sem olli því að bruggun í heimahúsum jókst.

Þetta voru uggvænleg tíðindi fyrir ráðherrana. Þess vegna eru þessar nýju reglur til komnar.

Þetta er með öðrum orðum síðasta úrræði ráðherranna til að fá íslendinga til að drekka meira áfengi til að ríkissjóður fái meiri tekjur af áfengissölu.

Í vetur hefur staðið yfir áróðursherferð fyrir þessu í blöðum og öðrum fjölmiðlum. Allt hefur verið gert til að telja fólki trú um að hér væri á ferðinni mannréttindamál.

Það gekk meira að segja svo langt að veitingahúsaeigendur lýstu því yfir að þeir mundu ekki hafa af þessu auknar tekjur. Þetta átti að telja fólki trú um að þeir ýttu á engan hátt á eftir ákvörðun um þessi mál.

Það á eftir að koma á daginn hvort veitingahúsaeigendur fara eftir þessum nýju reglum. Ef þær þýða aukið tap hljóta veitingahúsaeigendur að haga opnunartíma eins og nú er.

Ráðherrarnir gerðu sér grein fyrir því að þessi ákvörðun mælist illa fyrir meðal sumra manna, til dæmis er bindindishreyfingin eðlilega á móti þessum nýju reglum. Þess vegna tilkynnti háttvirtur dómsmálaráðherra einnig að ákveðið hefði verið að verja auknu fé til áfengisvarnarmála í landinu. Að sögn ráðherrans á gjald fyrir vínveitingaleyfi að hækka og þær tekjur eiga að renna til bindindishreyfingarinnar. Þetta verða samkvæmt áætlun 10 milljónir króna.

Það er ekki um að villast að þetta er höfðinglegt af ríkisstjórninni. Fyrir heilar tíu milljónir á ári er örugglega hægt að bæta fyrir allan þann skaða sem aukin áfengisneysla hefur í för með sér. Eða hvað?

Nýjar álögur

Olíuhækkanir hafa orðið ríkisstjórninni tilefni til að leggja á nýjar álögur. Í þetta skipti á að láta launþega greiða niður olíu á fiskiskip.

Ráðherrarnir velta nú fyrir sér tveimur leiðum sem báðar munu hækka vöruverð. Þótt þeir séu ekki sammála um hvora leiðina skuli fara eru þeir þó á einu máli um að halda þessum álögum fyrir utan vísitölu.

Leiðirnar sem ráðherrarnir vilja fara eru annað hvort að leggja 10% gjald áætlað "tímabundið" þ.e. að það eigi aðeins að vera meðan fjár er aflað til að greiða niður olíuna. Reynslan sýnir hins vegar að slíkar "tímabundnar" álögur hafa jafnan verið lífseigari en áætlað var. Má þar minna á ýmis konar vöru- og viðlagagjöld sem lögð hafa verið á tímabundið en eru enn í gildi.

Skuldbindingar ríkissjóðs

Ríkisstjórnin skuldbatt sig til að greiða niður olíu til fiskiskipa og nú er komið að fjáröfluninni.

Á sama tíma og ráðherrarnir færa þannig fé úr vösum launþega í vasa útgerðarmanna búa þeir til bráðabirgðalög til að banna verkföll. Það er líka rétt í þessu sambandi að benda á að samtímis berast fréttir um söluaukningu og fyrirhugaða stækkun íslensku verksmiðjanna í Bandaríkjunum.

Allir sammála um grundvallaratriðin

Sumir hinna svokölluðu verkalýðsforingja eru sammála ráðherrunum um nauðsyn þess að láta launþega bera olíuverðshækkun útgerðarinnar.

Og allir eru þeir á einu máli um það að láta þessar álögur verða fyrir utan vísitölu, þ.e. að valda ekki kauphækkunum.

framhald af forsíðu



"Hefurðu komið í kokteilinn þann sem kaninn á vellinum býður? Mörgum finns þungur í maganum hann og margan í kverkarnar svíður.

Víetnamablóð í vínið þar er látið vonleysins tár sem fanginn hefur grátið svertingjagall og soramenguð fjóla sótavatn, pepsi og kóla.

Túristahermenn

allar slíkar breytingar skuli bera undir alla stjórnarflokkana Hefur ákvörðunin mætt andstöðu í bæði Alþýðubandalaginu og Framsóknarflokknum.

Í öllum ríkjum sem hafa her njóta hermenn ekki sömu borgaralegu réttinda og aðrir þegnar Þeir eru undir heraga og hafa takmarkað ferðafrelsi og þeir hlýta reglum um hermenn hvort sem þeir eru á vakt eða í fríi.

Þar sem þeir eru í öðrum löndum eru reglurnar jafnvel enn strangari.

Með frumhlaupi sínu vegna blaðagreinarinnar afhjúpar Benedikt Gröndal einungis hégómleik sinn yfir sínu litla nafni úti í hinum stóra heimi.

Fyrir þá sem segja: "Ha, hvaða her? Ég verð aldrei var við þessi grey.", er það kannski ágætt að viðra greyin dálítið meir

Það er að ýmsu leyti gott að sópa ekki skítnum undir teppið klukkan hálf tólf á hverju kvöldi. Þá fara e.t.v. augu einhverra að opnast fyrir þeim "korkum" sem fljóta á böllum á Suðvesturlandi. Þá fer líka hersetan að verða áþreifanleg og fyrir augum landsmanna því hermennirnir þekkjast og halda áfram að vera hermenn þó þeir leiki túrista.

Megi frumhlaup Benedikts Gröndals heppnast sem best herstöðvaandstæðingum í hag.

Alþýðubandalaginu bætist liðsauki

Það telst sjaldnast til tíðinda þótt menn séu kosnir í stjórnir eða ráð hjá Alþýðubandalaginu. En nú er sérstakur maður kominn þar inn á gafl og það gerir þessa kosningu merkilegri en ella.

Benedikt nokkur Kristjánsson er þar kominn í varastjórn ásamt vinum sínum Eðvarði Sigurðssyni og Svavari Gestssyni og fleirum.

Fyrir þá sem ekki þekkja til má upplýsa það að þessi maður sem er fyrrum félagi í KFÍ, var að eigin sögn aðalmaðurinn í framboðstilrauninni í Dagsbrún fyrir ári. Og síst skal það lastað að Benedikt vann þar ágætt starf gegn Guðmundi J. og Eðvarði. En hitt má ekki fela fyrir sér að varla er hægt að búast við að Benedikt endurtaki þennan leik gegn stjórnarfélögum sínum og flokksbræðrum í AB.

Stéttabaráttan óskar Benedikt og Alþýðubandalaginu til hamingju með upphefð hvors um sig.

Hækkanir enn!

Verðalgsnefnd hefur samþykkt að leggja til við ríkisstjórnina að leyfa hækkanir á nokkrum vörutegundum.

Þetta kemur heim og saman við það að vísitala kaupgjalds er nýlega reiknuð þannig að launþegar verða að bera þessar hækkanir bótalaust í þrjá mánuði.

Þessar hækkanir eru á smjörlíki (Svavar gerir engar rósir núna gagnvart besta vini sínum, Davíð Scheving, eins og í vetur). Auk þess hækkar verð á steypu, möl og sandi og harðfiski. Þessar hækkanir eru frá 7 og upp í 25%. Að auki hækkuðu landbúnaðarvörur stórlega fyrir skömmu.

Sú hækkunarbeiðni sem þó að líkindum stendur mest í ráðherrunum er beiðni skipafélaga Forráðamenn þeirra heimtuðu 40-50% hækkun en verðlagsnefnd hefur mælt með að hún verði rúmlega 20%.

Ráðherrarnir vilja sjálfsagt láta líða góðan tíma frá bráðabirgðalögunum þar til þessi hækkun verður samþykkt.

Helstu rök forráðamanna skipafélaganna fyrir hækkuninni eru þau að farmgjöld hafi ekki hækkað í tvö ár.

Síðasta stórhækkun farmgjalda var nefnilega fyrir tveimur árum þegar Eimskip þurfti að standa straum af kostnaði við farmgjaldastríðið við Bifröst um flutninga fyrir herinn.

Síðasta hækkunarbeiðnin að sinni er frá eigendum vínveitingahúsa. Þeir vilja fá aðgangseyrinn hækkaðan í 500 krónur, sennilega til að geta staðið straum af "kostnaðinum" sem þeir hafa sagt mundi leiða af því að fá að selja áfengi lengur fram eftir nóttu.

framhald af baksíðu

Örlög Víetnam

Þáttur Sovétríkjanna.

Rauðu Khmerarnir fóru sínar eigin leiðir í baráttunni gegn bandarísku heimsvaldasinnunum. Þeir reyndu að halda sjálfstæði sínu og voru Sovétstjórninni ekki leiðitamir. Þeir þáðu vissulega stuðning en án allra skuldbindinga. Þetta líkaði sovétstjórninni ekki og því kaus hún að styðja heldur Lon Nol en að eiga það á hættu að "röng" frelsisöfl kæmust til valda. Sjálfstæð Kampútsea, óháð sovéskum ítökum, var hættulegt fordæmi öðrum þjóðum í grendinni.

Sovétríkin lögðu mikla áherslu á að ná ítökum í Indókína, Í Víetnam urðu harðar deilum um afstöðuna til Sovétríkjanna. Fjölda mörg öfl innan Þjóðfrelsisfylkingarinnar í S-Víetnam vildu halda sjálfstæði landsins og varast ítök Sovétríkjanna. Áhrif sovétmanna voru aftur á móti meiri í N-Víetnam. Til þess að styrkja stöðu sína ráku sovétmenn því mjög á eftir sameiningu ríkjanna. Þeirri sameiningu var víða fagnað en við hana gerðust einnig aðrir og alvarlegir atburðir. Fjölda fólks sem tekið hafði ötulan þátt í frelsisstríðinu var ýtt til hliðar, því sjónarmið þess féllu ekki að hagsmunum Sovétríkjanna. Meðal þeirra sem ekkert hefur spurst til er frú Bin sem var utanríkisráðherra Bráðabrigða-byltingarstjórnarinnar í S-Víetnam og sem stjórnaði friðarviðræðunum í París fyrir hennar hönd.

Sovétríkin hafa nú víetnamstjórn alveg í vasanum. Nýlega var undirritaður hernaðarsamningur milli ríkjanna og Víetnam er aðili að Comecon, efnahagsbandalagi A-Evrópuríkja, sem er til að tryggja tak Sovétríkjanna á öðrum bandalagsríkjum.

Og fólkið þjáist.

Víetnam er gífurlega illa leikið eftir áratuga stríð við öflug herveldi. Skógar voru brunnir, áveitur eyðilagðar og akrar eitraðir. Mikið og erfitt uppbyggingarstarf var fyrir höndum. En í stað þess að snúa sér að því, sinnti Víetnamstjórn útþenslu-hagsmunum Sovétríkjanna. Afleiðingarnar eru hinar skelfilegustu. Hungursneyð ríkir í landinu og hundruð þúsunda fólks eru hraktar úr landi.

Fjöldi flóttafólks fer úr landi á lélegum bátum og stór hluti þess nær aldrei landi á ný. Stjórnir sumra nágrannaríkja hóta að skjóta fólkið í flæðarmálinu og vonlausar bytturnar eru dregnar aftur út á sjó. Þeir sem við illan leik komast í flóttamannabúðir búa þar við þröngan kost og er sagt að verið sé að lappa upp á báthrófið þeirra svo hægt sé að hrekja það aftur á haf út. Í þessum hóp er fólk á öllum aldri frá ungbörnum til gamalmenna.

Á meðan þetta gerist telja víetnömsk stjórnvöld sig hafa efni á stríðsrekstri í öðrum ríkjum.

Þeir sem þjóna alþýðunni í eigin landi njóta einnig stuðnings alþýðunnar um allan heim, en um leið og þeir snúa baki við þeim málstað missa þeir allan stuðning.

Slík eru örlög Víetnams.

Áskriftargjöld 1979

VENJULEG ÁSKRIFT : KR.5000.-

BARÁTTU ÁSKRIFT : KR.7000.-

TIL ÚTLANDA : KR.13000.-

TIL ÖRYRKJA OG ELLILÍFEYRISÞEGA : KR.500.-



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan

Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
25.-26.tbl. 8.árg. 3.7. 1979



STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður Ingi Andrésson.

Útþensla íslenskra Aðalverktaka

Allir vita að alls kyns spilling blómstrar á Suðurnesjum, vegna veru bandarísku herstöðvarinnar á Miðnesheiði. Mest er þó í daglegu tali fjargviðrast út af minniháttar svínaríi en minna tekið til athugunar það sem meira er. Hér er átt við starfsemi íslenskra fyrirtækja á vellinum og viðskipti þeirra við bandaríska auðvaldið. Eitt þessara fyrirtækja eru Íslenskir aðalverktakar. Það á að heita 25% eign íslenska ríkisins, 25% á hlutafélagið Reginn og 50% eiga Sameinaðir verktakar. Sjálfstæðismenn og framsóknarmenn bræddu sig saman og mynduðu þetta einokunarfyrirtæki.

Nýlega var felld á Alþingi tillaga um að gerð yrði ýtarleg úttekt á starfsemi verktakafyrirtækja á Keflavíkurflugvelli. Einokunarfyrirtæki virðast vera friðhelg á Íslandi, þau má hvorki rannsaka né kanna.

Í stað rannsóknar á starfsemi Aðalverktakanna var sett á stofn nefnd sem í eiga sæti fjórir fulltrúar frá Íslenskum aðalverktökum, Keflavíkurverktökum, Suðurnesjaverktökum og Verktakasambandi Íslands. Oddamaður nefndarinnar er Helgi Ágústsson deildarstjóri í Varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins. Einar Ágústsson kom á fót þessari nefnd í ráðherratíð sinni og er meginverkefni hennar að reyna að skipta bróðurlegar hermangsgróðanum milli verktakafyrirtækjanna.

Aðalverktakar hafa notið einokunar og sérstöðu í viðskiptum við herinn frá árinu 1954. Í ár og sl. ár sinna Aðalverktakar verkefnum fyrir bandaríska herinn upp á 5-6,5 milljarða króna. Fyrirtækið er baktryggt af samningum við bandaríkjamenn fyrir greiðslum á hvers kyns föstum rekstrarkostnaði, jafnvel þó verkefni séu ekki fyrir hendi. Það getur ekki orðið gjaldþrota. Auk þess stendur til af hálfu Bandaríkjanna, á næsta fjárhagsári þeirra, að fjórfalda fjárveitingu til einungis nýrra framkvæmda á Keflavíkurflugvelli. Það munu vera 8 milljarðar króna sem varið yrði aðeins til útþenslu á Íslandi.

Aðalverktakar hafa fram að þessu notið tollfrelsis á innflutningi á vinnuvélum auk annarrar sérstöðu sinnar. Þeir eru jafnvel tilbúnir í að blæða greiðslum fyrir eðlilegum tollkostnaði, komist þeir hjá rannsókn eða öðrum höftum á starfsemi sína.

Útþensla Aðalverktakanna í krafti erlends fjármagns er ógnun við sjálfstæði landsins, rétt eins og erlend stóriðja eða afskipti Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er það.

Ráðamenn hermangsfyrirtækjanna segja að herstöðin skapi atvinnu og góða lífsafkomu þegar hún hefur gegnum árin lamað allt heilbrigt atvinnulíf á Suðurnesjum. Sömu menn og hampa heratvinnunni tala einnig um kosti þess að gera Reykjanesskagann að tollfrjálsu svæði.

Þeir grátbiðja um innstreymi erlends fjármagns með öllum þeim hörmungum og nýlenduáþján sem því fylgir. Útþensla Íslenskra aðalverktaka og annarra slíkra fyrirtækja á Íslandi þýðir aukin ítök bandarískrar heimsvaldastefnu hér.



Í baráttu sinni eiga herstöðvaandstæðingar við ramman reip að draga þar sem eitt sterkasta verktakafyrirtæki á landinu fjármagnar áróður fyrir hersetunni.

'Áskrift

Ég undirrit aður/uð óska eftir að gerast áskrifandi að STÉTTABARÁTTUNNI.

Nafn: ______

Heimili: ______

______

Sendist til: STÉTTABARÁTTAN
Pósthólf 1357
121 Reykjavík



Hundruðir þúsunda manns hafa flúið land frá Víetnam. Margir þeirra flýja á skipum sem sum hver ná aldrei landi og aðrir búa í flóttamannabúðum alls óvissir um framtíð sína. Íslenska ríkisstjórnin hefur boðist til að veita 5-6 fjölskyldum hæli hér á landi. Eins og sjá má á þessarri mynd er framlag íslendinga síst of stórt.

Flóttafólk frá Víetnam

Mjög hefur verið rætt um væntanlega komu víetnamskra flóttamanna hingað til lands. Beiðni barst til íslendinga um að taka við um 50 flóttamönnum og nú hefur ríkisstjórnin ákveðið að veita 5-6 fjölskyldum hæli hér á landi. Mun þegar vera hafinn undirbúningur þess að finna þeim atvinnu og húsnæði.

Deilur risu þegar um réttmæti þess að veita þessu fólki viðtöku. Allra handa fasistar geystust fram á ritvöllinn og mótmæltu þessari ógnun við íslenska kynstofninn. Stjórnendur "léttmetis" þáttar í útvarpinu spurðu vegfarendur sakleysislega hvort þeir óttuðust ekki blóðblöndun. Rétt eins og víetnamar skiptist ekki í hina sömu A, B og O blóðflokka og íslendingar. Eina fólkið með afbrigðilegt blóð eru nokkrir þingeyingar sem hafa ílöng rauðublóðkorn í stað kringlóttra eins og allt annað fólk! Svo mættu þessir "hreinræktuðu" íslendingar minnast þess að víetnamska þjóðin á sér lengri sögu og menningu en sú íslenska og að ekki er íslenska þjóðin eingetin af sjálfri sér.

Félagsleg vandamál þess víetnamska fólks sem kemur hingað til lands munu eflaust verða margvísleg. Það kemur frá heimshluta með gerólíkri menningu, tungu, loftslagi, atvinnuháttum og mataræði. Það er því mikilvægt að íslendingar taki ekki á móti þessu fólki af sýndarmennsku heldur með það í huga að búa því betra líf.

Orsök flóttamannavandamálsins er pólitísks eðlis og meðan ekki hefur fundist á henni pólitísk lausn verður flóttamannastraumurinn nær ótæmandi. Það er því ekki varanleg lausn að flytja fólkið til annara landa. Lausnin liggur í pólitískum aðgerðum. Samt er fyllilega rétt að veita því fólki viðtöku og aðstoð sem neyðist til þess að flýja land. Óskandi er flóttamannanna sjálfra vegna að ástandið breytist svo til batnaðar að þeir geti snúið heim aftur ef þeir vilja.

Örlög Víetnam

Eftir sigur sinn yfir bandarísku heimsvaldasinnunum átti víetnamska þjóðin stuðning þjóða um allan heim. Fjöldi ríkja veitti Víetnam efnahagsaðstoð til uppbyggingar landsins og Bandaríkin neyddust til að fallast á stríðsskaðabætur. Hvarvetna var krafist aukinnar aðstoðar við Víetnam og alþýðan fylgdi því fast eftir að loforð um aðstoð væru efnd.

Nú horfir málið allt öðruvísi við. Hvert ríkið á fætur öðru kippir að sér hendinni og alþýða landanna samþykkir. Svíar sögðu að ríki sem hefði efni á að standa í stríðsrekstri innan annars ríkis þyrfti ekki á efnahagsaðstoð að halda. Bandaríkjastjórn greip tækifærið til að sleppa við stríðssakaðbæturnar með sömu röksemdafærslu. Fjöldi ríkja og alþjóðasamtaka hafa gert slíkt hið sama. Nú síðast ákvað Evrópuráðið að hætta við 34 milljarða dollara styrk til Víetnam, en ákavð að veita það þess í stað flóttamannahjálp Sameinuðu þjóðanna til aðstoðar við flóttafólk frá Víetnam

Innrásin í Kampútseu.

En eru ekki notaðar falskar röksemdir til að sleppa við greiðslurnar? Þurftu víetnamar ekki að verja hendur sínar með því að ráðast inn í Kampútseu og mynda þar leppstjórn? Var stjórn Pol Pots ekki alltaf að herja á landamæri Víetnams? Þessum spurningum verður öllum að svara neitandi.

Ef stjórn Pol Pots hefði verið jafn árásargjörn og af er látið hefði ekki verið kostnaðarsamara fyrir víetnama að verja landamæri sín en að ráðast inn í Kampútseu. Og þótt þeir hefðu þurft að hrekja árásarliðið yfir landamærin var ástæðulaust að hernema landið. Með því móti hefðu víetnamar líka haldið fullum stuðningi þjóða heimsins og aðstoð við uppbygginu lands síns.

Og ef stjórn Pol Pots var jafn ógnvænleg og áróðurinn hermir, af hverju þarf þá víetnamski herinn enn að vera í Kampútseu? Kampútseumönnum tókst að fella bandaríkjaleppinn Lon Nol sem einnig var studdur af Sovétríkjunum. Þeir þurfa því ekki víetnamska hersetu til að losa sig við innlenda harðstjóra. Enda hefur það sýnt sig að "harðstjórinn" Pol Pot er ekki hataðari en svo að 150.000 manna víetnamskt herlið dugir varla til að halda nýju valdhöfunum í stólunum.

framhald á síðu 7